

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 23/2018

2019/EES/98/23

frá 9. febrúar 2018

um breytingu á XIII. viðauka við EES-samninginn (Flutningastarfsemi)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/94/ESB frá 22. október 2014 um uppbyggingu grunnvirkja fyrir óhefðbundið eldsneyti ⁽¹⁾.
- 2) XIII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi lið er bætt við á eftir 5. lið (felldur brott) í XIII. viðauka við EES-samninginn:

„5a. **32014 L 0094:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/94/ESB frá 22. október 2014 um uppbyggingu grunnvirkja fyrir óhefðbundið eldsneyti (Stjttíð. ESB L 307, 28.10.2014, bls. 1).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Að því er EFTA-ríkin varðar koma orðin „EES-samningnum“ í staðinn fyrir orðin „sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins“ í 5. mgr. 3. gr.
- b) Ákvæði 6. gr. gilda ekki um Ísland.
- c) Tilskipunin gildir ekki um Liechtenstein.“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2014/94/ESB, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 10. febrúar 2018, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 9. febrúar 2018.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Claude Maerten

formaður.

⁽¹⁾ Stjttíð. ESB L 307, 28.10.2014, bls. 1.

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.